

Samband íslenskra sveitarfélaga / Mennta- og menningarmálaráðuneytið

# Ytra mat Valsárskóli

**Matsskýrsla**

Hanna Hjartardóttir  
Sólveig Zophoníasdóttir  
Maí 2012

## **Efnisyfirlit**

Samantekt matsniðurstaðna.....	2
Stjórnun.....	2
Nám og kennsla.....	2
Innra mat.....	3
Inngangur .....	4
Markmið og tilgangur .....	5
Aðgerðir og framkvæmd.....	6
Niðurstöður.....	7
Svið I – Stjórnun.....	7
Svið II – Nám og kennsla.....	14
Svið III - Innra mat.....	19
Samantekt ábendinga .....	22
Stjórnun.....	22
Styrkleikar.....	22
Tækifæri til umbóta.....	22
Nám og kennsla.....	23
Styrkleikar.....	23
Tækifæri til umbóta.....	23
Innra mat.....	24
Styrkleikar.....	24
Tækifæri til umbóta.....	24
Heimildaskrá .....	25

## **Samantekt matsniðurstaðna**

Í þessari skýrslu er fjallað um ytra mat á Valsárskóla á Svalbarðsströnd sem framkvæmt var á vorönn 2012. Teknir voru fyrir þrír matsþættir; stjórnun, nám og kennsla og innra mat.

### **Stjórnun**

Helstu niðurstöður eru þær að skólastjóri hefur mikinn metnað fyrir skólann og leggur rækt við samskipti allra í skólasamfélagini; nemendur, foreldra og starfsfólk. Í skólanum ríkir góður og afslappaður starfsandi þar sem áhersla er lögð á góða líðan allra sem þar starfa og lýðræðisleg vinnubrögð eru viðhöfð.

Skólastjóri hefur forystu um að móta sýn og stefnu skólans en allir í skólasamfélagini eru þó meðvitaðir um hana. Mikil samvinna er milli grunn-, leik- og tónlistarskóla og auk þess hefur Valsárskóli ýmis önnur samskipti við grenndarsamfélagið. Má þar t.d. nefna samstarf við Safnasafnið.

Skólanámskrá er að hluta til komin á heimasíðu og unnið er af kappi að ljúka gerð hennar. Símenntunaráætlun felur í sér áherslur skólans og kennrar eru hvattir til að afla sér sí- og framhaldsmenntunar.

Mikil samkennsla er í skólanum en þar er allt að fjórum árgögum kennt saman. Fámennið felur í sér bæði kosti og galla. Kostirnir felast meðal annars í miklu samstarfi milli þeirra kennara sem halda utan um hvern hóp og vel er fylgst með hverjum og einum nemanda og þeim valin verkefni við hæfi. Erfiðara er að halda uppi félagsstarfi nemenda og stundum verða kennrar einyrkjar í starfi vegna fámennis.

Samstarf við skólaráð og foreldrafélag er með ágætum og hafa fulltrúar þar greiðan aðgang að skólastjóra.

### **Nám og kennsla**

Námsumhverfi Valsárskóla er námshvetjandi og styður við nám og þarfir allra nemenda og fjölbreytta kennsluhætti. Námsumhverfið gefur góða og fjölbreytta möguleika á samvinnu nemenda og einstaklingsvinnu. Námsumhverfið er vel nýtt innanhúss og utan og á skólinn í góðum tengslum við nærsamfélagið.

Samskipti eru jákvæð og í skólanum ríkir viðhorf sem einkennist af virðingu fyrir rétti allra nemenda til virkrar þáttöku óháð atgervi þeirra. Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum og einkennum nemenda.

Kennsluhættir eru fjölbreyttir og sniðnir að markmiðum náms, viðfangsefnum og þörfum nemenda.

Leitað er eftir sjónarmiðum nemenda um skipulag skólastarfs en sjaldan leitað eftir sjónarmiðum þeirra varðandi nám, skipulag náms og námsaðferðir. Nemendur þekkja leiðir til að koma sjónarmiðum sínum um skipulag skólastarfs á framfæri og tekið er tillit til sjónarmiða þeirra.

### **Innra mat**

Innra mat Valsárskóla er samsett úr nokkrum þáttum og má þar nefna Skólapúlsinn, kannanir í Olweusaráætlun, umræðufundi með foreldrum og reglubundið mat á námi og framförum nemenda. Í innra mati er einnig stuðst við niðurstöður úr ytra mati svo sem samræmd próf og Pisa kannanir. Huga þarf að gerð ítarlegrar greinargerðar um innra mat sem tekur til allra þátta skólastarfsins og hvernig á að huga að umbótum. Þá þarf að mynda teymi til að forgangsraða og sjá um framkvæmd innra mats og gera tímasetta umbótaáætlun til lengri og skemmri tíma.

Skólastjóri er sýnilegur í öllu skólastarfi og hefur auk þess kennsluskyldu, hann fylgist vel með en mat á kennslu og fagmennsku kennara er ekki framkvæmt reglulega. Við öflun gagna í innra mati er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila en huga ber að markvissari og meiri kynningu á niðurstöðum.

## Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á Valsárskóla á Svalbarðsströnd. Matið var framkvæmt af Hönnu Hjartardóttur og Sólveigu Zophoníasdóttur og fór að hluta til fram á vettvangi 11. og 12. apríl, 2012. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur auk kynningarfundar 27. mars fyrir allt starfsfólk. Matið er hluti af tilraunaverkefni sem unnið er samkvæmt tillögum faghóps á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Sá hópur tók til starfa árið 2010 og skilaði tillögum í mars 2011. Þar var lagt til að metnir yrðu í tilraunaskyni sex ólíkir skólar hvað varðar stærð og staðsetningu samkvæmt nánari útfærslu. Tilgangur tilraunaverkefnisins er meðal annars að meta kostnað við verkefnið á raunhæfan hátt, endurskoða og lagfæra áætlanir um framkvæmd matsins og svara á öruggari hátt mörgum álitaefnum í tillögum faghóp um fyrirkomulag í kringum ytra mat. Gert er ráð fyrir að sveitarfélög og ráðuneyti taki ákvörðun um áframhaldandi samstarf um ytra mat á grundvelli niðurstaðna þessa tilraunaverkefnis.

Saga skólahalds á Svalbarðsströnd nær allt til ársins 1902. Farskóli var rekinn frá því að fræðslulögin voru sett 1907 og til ársins 1922 þegar lokið var byggingu samkomuhúss í hreppnum sem nýtt var sem skólahús til ársins 1970. Þá var skólahald flutt í nýtt skólahúsnæði en kennsla unglungastigs og íþróttakennsla fór fram á Hrafnavili í Eyjafirði og var nemendum ekið þangað daglega. Sundlaug var byggð í Svalbarðsstrandarhreppi 1931 og frá þeim tíma fór sundkennsla þar fram og er svo enn. Árið 1995 var flutt í nýtt skólahúsnæði og íþróttahús og fékk nýi grunnskólinn nafnið Valsárskóli. Þar með varð öll kennsla á einum stað. Stærstur hluti eldra húsnæðis var tekinn undir rekstur leikskólans Álfaborgar. Árið 2004 var tekin í notkun 420 fermetra viðbygging við skólann og árið 2005 voru verkmenntastofur í gamla skólahúsnæðinu í Álfaborg endurgerðar ásamt skólaleikvelli með nýjum leiktækjum. Sparkvöllur við skólann var tekinn í notkun haustið 2008. Skólahúsnæðið telur alls um 1715 fermetra og er hluti þess jafnframt nýttur sem félagsaðstaða sveitarfélagsins. Árið 2003 var stofnuð tónlistardeild við skólann en haustið 2009 var deildinni breytt í sjálfstæðan Tónlistarskóla. Haustið 2008 tók til starfa skólavistun fyrir nemendur í 1. - 4. bekk.

Einkunnarorð eða leiðarljós Valsárskóla eru: *Vinsemdu, virðing, virkni og viðsýni* og fer starfið fram með gildi þeirra orða í huga. Árið 2008 – 2009 var formlega innleidd svokölluð Uppbyggingarstefna. Einkunnarorð hennar er; *Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga*. Því er núna verið að huga að hvort eldri leiðarljósin samtvinnist þeim á einhvern hátt. Uppbyggingarstefnan leggur áherslu á virðingu einstaklingsins fyrir

sjálfum sér og umhverfi sínu og samræmist því einkar vel gildum skólans og sýn. Leiðarljós stefnunnar er jákvæð ögun byggð á sjálfstæðum einstaklingum.

Valsárskóli er *Skóli á grænni grein* og hefur tvisvar sinnum fengið *Grænfánann* til marks um að hafa náð markmiðum sínum í umhverfismálum. Skólinn leggur meðal annars áherslu á útivist og útivistarferðir auk tengsla við nærsamfélagið. Góð aðstaða er til útikennslu í næsta nágrenni og umhverfið allt býður upp á fjölbreytni á þessu sviði. Skemmtileg verkefni eru unnin í samstarfi við Safnasafnið sem er á Svalbarðseyri. Í Valsárskóla er unnið að verkefninu *Byrjendalæsi*. Það er kennsluaðferð ætluð fyrir yngstu bekki grunnskólans og meginmarkmiðið er að börn nái góðum árangri í læsi sem fyrst á skólagöngunni. Þá er skólinn að hefja starf undir kjörorðinu Heilsueflandi grunnskóli (Lýðheilsustöð, 2012).

Valsárskóli er fámennur skóli með samkennslu nemenda. Í Valsárskóla eru nú 46 nemendur í þremur bekkjardeildum, í 1. – 4. bekk eru 24 nemendur, í 5. – 7. bekk eru 11 nemendur og í 8. – 10. bekk eru 11 nemendur.

Við skólann starfa sex kennrar og fjórir stundakennrar í samtals rúmlega sex stöðugildum auk skólastjóra. Aðrir starfsmenn eru sex, þar með taldir starfsmenn skólavistunar. Hlutfall nemenda af erlendum uppruna eða sem hefur dvalið langvöldum erlendis er um 2%. Hlutfall þeirra sem fá beina sérkennslu til lengri eða skemmri tíma er 40%.

Það er skólanefnd Svalbarðsstrandarhrepps sem er næsta yfirvald en skólinn sækir hluta af sérfræðibjónustu og ytri ráðgjöf til Fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar. Heilsugæslu er sinnt frá Heilsugæslustöðinni á Akureyri.

## Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er samkvæmt 35. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 að:

1. Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
2. Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla.
3. Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum.
4. Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (Lög um grunnskóla, 2008).

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og lögð sérstök áhersla á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja skóla, stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar.

Grundvöllur ytra mats eru viðmið um gæði stjórnunar, náms og kennslu og innra mats. Þau eru byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig hafðir til hliðsjónar auk *Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007-2020* (Hrönn Pétursdóttir, 2007). Litið var til viðmiða í ytra mati víða erlendis, svo sem frá Englandi, Skotlandi, Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi og Kanada. Einnig var horft til viðmiða Reykjavíkurborgar í heildarmati á grunnskólum.

## Aðgerðir og framkvæmd

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um skólann áður en farið var í vettvangsathuganir og rýniviðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á skólastarf ýmist í prentuðu máli eða á rafrænu formi.<sup>1</sup> Þá var óskað eftir niðurstöðum samræmdra prófa og framfarastuðlum frá Námsmatsstofnun undanfarin þrjú ár. Frá mennta- og menningarmálaráðuneyti var óskað eftir niðurstöðum úttekta á innra mati skólans (sjálfsmati). Fundur var haldinn með skólastjóra þar sem meðal annars voru ræddar forsendur matsins og framkvæmd. Að því búnu var farin skoðunarferð um skólann með skólastjóra sem kynnti um leið helstu stefnur og starfsemi Valsárskóla. Sama dag eða 26. mars 2012 var kynningarfundur fyrir alla starfsmenn skólans.

Dagana 11. og 12. apríl fóru fram vettvangsathuganir hjá u.p.b. 70% kennara og þá gafst tækifæri til að spjalla við nemendur. Haldnir voru rýnifundir með kennurum, öðrum starfsmönnum skóla, nemendum, foreldrum og fulltrúa í skólaráði og tekið einstaklingsviðtal við skólastjórann.

Þar sem um svo fámennan skóla er að ræða voru einungis heimsóttar sex kennslustundir hjá jafn mörgum kennurum. Kennrarar vissu hvaða dag matsaðilar voru væntanlegir í vettvangsheimsókn en ekki í hvaða tíma. Matsaðilar fylltu út gátlista fyrir hverja kennslustund. Skólastjóri fékk síðan í hendur samfellda lýsingu á hverri kennslustund þar

---

<sup>1</sup> Skólanámskrá og starfsáætlun, sýnishorn af kennsluáætlunum og námsáætlunum, greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, stundatöflur nemenda, símenntunaráætlun, yfirlit yfir valgreinar, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

sem einnig voru gefin stig/einkunn fyrir hverja stund. Kennurum var boðið að hitta matsaðila í lok hvers dag og fá endurgjöf en það var ekki nýtt.

Matsaðilar fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram en dagana milli heimsókna í skólann og að lokinni skólaheimsókn unnu þeir saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Það ber að hafa í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi.

## Niðurstöður

### Svið I – Stjórnun

Leiðarljós eða einkunnarorð skólans eru: *Vinsemd, virðing, virkni og viðsýni*. Auk þess eru það einkunnarorð Uppbyggingastefnunnar; *Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga* sem unnið er eftir.

Í Valsárskóla er lögð áhersla á:

- Að starfsfólk skólans, forráðamenn og nemendur vinni saman.
- Að ná fram jákvæðu og þroskandi vinnuumhverfi.
- Að hver og einn beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
- Að hver og einn nái fram sem bestum árangri og færni í verkum sínum og samskiptum við aðra.
- Að vera öðrum til aðstoðar eftir því sem tækifæri gefast.
- Að efla jákvætt viðhorf til heimabyggðar og ábyrgðar á umhverfinu.

Í anda þessara áhersla er skólastarf í Valsárskóla og þar á meðal hjá skólastjóra. Einnig byggir stjórnun skólans á því sem fram kemur í grunnskólalögum (Lög um grunnskóla, nr. 91/2008, gr.7) en þar segir m.a. að við grunnskóla skuli vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórni honum, veiti faglega forystu og beri ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins og í *Aðalnámskrá grunnskóla* (2011, bls. 43) segir m.a. að skólastjóri beri í samstarfi við starfsfólk ábyrgð á gæðum þess starfs sem fer fram í viðkomandi skóla.

## **Stjórnandi**

Skólastjóri Valsárskóla leggur rækt við samskipti meðal allra í skólasamféluginu; nemenda, starfsmanna og foreldra. Skólastjórinn hefur forystu um að móta sýn og stefnu skólans og mikill metnaður er fyrir góðu skólastarfi. Þegar skólastjóri kynnir skólann leggur hann áherslu á sérstöðu hans og leiðarljós í námi og kennslu.

Áherslur skólans koma fram í skólanámskrá og eru að hluta til birtar á heimasíðu skólans. Af tæknilegum orsökum þurrkaðist heimasíða skólans út og er nú unnið af kappi við að endurnýja hana og endurgera flesta kafla. Einkunnarorð Uppbyggingarstefnunnar og einkunnarorð skólans eru sýnileg og allir í skólasamféluginu þekkja þær. Fyrst og fremst kemur þó stefnan fram í öllu starfi og notalegu andrúmslofti í skólanum.

Stefnan *Uppeldi til ábyrgðar* er ný í skólastarfinu en hún var innleidd skólaárið 2008 – 2009. Skólinn er einn af *Skólum á grænni grein* og hefur fengið Grænfánann til merkis um að markmið í umhverfismálum hafi náðst. Mikil áhersla er á útvist og útkennslu sem sjá má á fjölda verkefna sem snýr að því t.d. mynda og myndbanda af ferðum. Þá eru samskipti við grenndarsamfélagið góð og ber þar að nefna samstarf við Safnasafnið, samstarf við leikskólann og tónlistarskólann.

Upplýsingar um gæði skólastarfsins og árangur nemenda í skóla og frístundastarfi er ekki á heimasíðu (enn sem komið er) en þegar foreldrar koma í skólann t.d. á fundi, bekkjarskemmtanir og skólaslit kemur þetta fram. Kennarar eru hvattir til að auka gæði náms og kennslu og vegna samkennslu árganga, og þá gjarnan 2ja til 3ja kennara með sama hóp, veita þeir hver öðrum endurgjöf. Regluleg endurgjöf fyrir kennslu er ekki til staðar nema í starfsmannaviðtölum.

## **Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta**

- Stjórnandi stuðlar að góðum samskiptum meðal kennara, starfsmanna, nemenda og foreldra.
- Góð líðan og gagnkvæm virðing endurspeglast í samstarfi starfsfólks skólans, nemenda og foreldra.
- Skólastjóri hefur forystu um að móta sýn og stefnu skólans.
- Í skólanámskrá skólans má sjá að hluta til í hverju starfið felst en þörf er á að hraða vinnu við endurgerð hennar.
- Miðlun upplýsinga á heimasíðu er ábótavant.
- Huga ber að reglulegri endurgjöf til kennara.

## **Stjórnun stofnunar**

Starfslýsingar skólastjóra og annarra starfsmanna liggja fyrir og reynt er að haga kennslu þannig að hún sé í samræmi við menntun og sérhæfingu kennara. Það gefur þó auga leið að í svo fámennum skóla er ekki nema að litlu leyti hægt að koma því við. Kennrarar þurfa nánast að geta kennt hvað sem er!

Í starfsmannaviðtölum er starfsfólk veitt endurgjöf fyrir vel unnin störf. En hún er þó fyrst og fremst veitt í daglegu starfi í því návígí sem líttill hópur veitir. Verklagsreglur um meðferð ágreiningsmála og eineltismála í starfsmannahópnum liggja fyrir og allir sem við skólann starfa skrifa undir þagnarskyldu. Forgangsröðun í nýtingu fjármagns tekur mið af stefnu skólans og sveitarfélagsins og það kom fram í rýnihópum að vel er gert við skólann af hálfu sveitarfélagsins.

EKKI liggur fyrir regluleg skráning á menntun og sérhæfingu starfsmanna utan það sem til er í umsóknum þeirra á hverjum tíma. Jafnréttisáætlun er til sem drög en eftir að leggja hana fyrir starfsmannafund og aðra sem málið varðar svo sem skólaráð. Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn liggur ekki fyrir.

## **Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta**

- Starfslýsingar eru fyrir hendi og mannaúður nýttur skv. menntun og sérhæfingu hvers og eins, eins og kostur er.
- Stjórnendur gæta hagsmuna starfsfólks og veita endurgjöf.
- Verklagsreglur um meðferð ágreiningsmála eru til staðar.
- Koma þarf upp skipulegri skráningu á endur- og framhaldsmenntun kennara.
- Gera þarf móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn.

## **Faglegt samstarf**

Í starfi skólans kemur skýrt fram að lýðræðisleg vinnubrögð eru viðhöfð í öllum þáttum skólastarfs og einkenna samstarfið í skólanum. Þá einkennast samskipti af jákvæðni og gagnkvæmu trausti aðila. Starfsfólk er nemendum fyrirmynnd í lýðræðislegum starfsháttum með því að vinna saman, hlusta og taka tillit til sjónarmiða hvers annars. Að hausti er sett upp fundaáætlun fyrir skólaárið sem nær til alls starfsfólks. Fundir eru svo boðaðir með dagskrá og fundargerðir ritaðar í þar til gerða fundargerðabók. Fundargerðir skólaráðs eru á heimasíðu skólans.

Faglegt samstarf kennara fer fram í faghópum á aldursstigum í samræmi við stefnu skólans og með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Í svo fámennum hópi eru málin líka rædd við kaffiborðið og á göngum! Einnig er hefð fyrir faglegu samstarfi milli nokkurra

fámenntra grunnskóla í nágrenninu. Þá hittast þeir sem kenna sömu árgöngum og sinna svipuðum störfum innan skólanna og miðla sín á milli hugmyndum og reynslu.

Samskipti við önnur skólastig felast t.d. í miklu samstarfi við leikskólann sem er á sömu lóðinni. Elstu nemendur fá kynningar um þá framhaldsskóla sem eru í nágrenninu bæði á Akureyri og Laugum. Upplýsingagjöf varðandi nemendur sem koma í 1. bekk eru skilvirk milli skólastiga.

#### Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Samskipti einkennast af jákvæðni og trausti.
- Starfsfólk er öðrum fyrirmund um lýðræðisleg vinnubrögð.
- Samstarf milli annarra skólastiga er virkt.

#### Skólaþróun

Í símenntunaráætlun skólans koma fram áherslur skólans ásamt því hvernig einstaklingar sækja eigin símenntun. Símenntun kennara miðar að því að efla þá í starfi og þeir eru hvattir til að leita fjölbreytttra leiða. Ekki er til skráð þróunar- og/eða umbótaáætlun þó svo að vissulega sé unnið að margvíslegum umbótum í skólanum. Ekki er um að ræða matsteymi í skólanum sem ber ábyrgð á framkvæmd innra mats heldur er það eingöngu í höndum skólastjóra.

#### Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Í símenntunaráætlun koma fram áherslur skólans og símenntun kennrar miðar að því að efla þá í starfi.
- Gera þarf þróunar- og/eða umbótaáætlun fyrir skólann.
- Huga þarf að því að mynda matsteymi varðandi innra mat skólans.

#### Starfsáætlun og skólanámskrá

Skólastjóri hefur forgöngu um endurskoðun skólanámskrár og starfsfólk tekur þátt í gerð hennar. Þar eru birt gildi sem skólastarfið byggir á og markmið sem snúa að uppeldi, námi og kennslu. Samráð er haft við skólaráð varðandi skólanámskrá. Allir aðilar skólasamfélagsins þekkja stefnu skólans. Sveitarfélagið vinnur nú að skólastefnu og er skólastjóri Valsárskóla í starfshópi þar að lútandi. Einnig hafa verið haldnir fundir með starfsfólk og foreldrum vegna hennar.

Ekki er um eiginlega starfsáætlun að ræða að öðru leyti en því sem birt er í skólanámskrá og á skóladagatali skólans. Áður hefur komið fram að ekki er búið að vinna upp og

endurgera nema hluta þess sem til skólanámskrár getur talist (*Aðalnámskrá grunnskóla*, 2011, bls. 46) en það er birt á heimasíðu skólans.

#### Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta.

- Allt starfsfólk vinnur að gerð skólanámskrár og haft er samráð við skólaráð.
- Framkvæmd skólastefnu er rædd á starfsmannafundum.
- Huga mætti að hvort aðkoma foreldra og nemenda ætti að vera meiri við vinnu að skólanámskrá einkum við þá þætti sem snúa beint að nemendum og/eða foreldrum.
- Gera þarf átak í að ljúka við gerð skólanámskrár.

#### Skóladagur nemenda

Skóladagur nemenda er heildstæður, stundatöflur samfelldar og tímafjöldi svipaður alla daga. Námið er skipulagt í heildstæðar vinnulotur með eðlilegum hléum þannig að vinnuálag miðast við aldur nemenda og þroska.

Skólinn nýtir sér svigrúm viðmiðunarstundaskrár á margvíslegan hátt enda um samkennslu allt að fjögurra árganga að ræða. Stundatöflur eru því þannig að nemendur eiga sameiginlega tíma á töflu í heilum árgangi og/eða árgöngum og eiga þannig kost á samvinnu. Boðið er upp á töluverða fjölbreytni valgreina í 8. – 10. bekk þrátt fyrir fámennið, þó þannig að eingöngu er um eitthvað tvennt að velja á hverjum tíma (samtals 6 tímar á viku). M.a. er umhverfið notað samanber valgreinina Fjölval en þar er lögð áhersla á alls kyns útvist svo sem fjalla- og veiðiferðir. Ef foreldrar óska eftir er nám nemenda utan skóla metið til valgreina.

#### Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Skóladagur nemenda er heildstæður, stundatöflur samfelldar og eðlileg hlé til hvíldar.
- Sameiginlegir tímar í heilum árgöngum gefa kost á fjölbreyttara námsframboði fyrir alla sbr. færnimiðað nám.
- Miðað við aðstæður skólans er nemendum boðið upp á fjölbreyttar valgreinar.

#### Verklagsreglur og áætlunar

Skólasamfélagið hefur skilgreint jákvæðan skólabrag og mótað leiðir til að viðhalda honum t.d. með starfinu að Uppbyggingarstefnunni. Skólareglur og viðbrögð við agabrotum eru í samræmi við ákvæði í reglugerð og nemendur taka þátt í að móta skólareglur. Í Valsárskóla er unnið gegn einelti samkvæmt áætlun sem kennd er við Dan Olweus. Eineltisáætlun Olweusar er forvarnaráætlun sem hefur það að markmiði að

koma í veg fyrir einelti og andfélagslega hegðun og skapa þannig skólabrag að einelti sé ekki liðið.

Kannanir og skimanir eru lagðar fyrir nemendur til að finna þá sem þurfa námsaðstoð og áætlun um sérkennslu/stuðning hefur verið gerð og henni fylgt eftir. Þá liggur fyrir móttökuáætlun fyrir nýja nemendur og með öðrum skólum í nágrenninu hefur verið gerð móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.

Þrátt fyrir forvarnir eins og Olweusaráætlun, stefnu í agastjórn og viðbrögð við álitamálum sé til staðar er ekki til heildstæð forvarnaráætlun þar sem m.a. er áætlun í fíknivörnum og áfengis- og tóbaksvörnum. Kennsla í þessum þáttum er samt til staðar í skólanum.

#### Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Jákvæður skólabragur einkennir starfsemi skólans.
- Skólareglur eru sýnilegar og viðbrögð við einelti liggja fyrir.
- Þjónusta fyrir nemendur með sérþarfir er markviss.
- Vinna þarf að heildstæðri forvarnaráætlun skólans.

#### Skólaráð, foreldrafélag

Fulltrúar í skólaráði eru lýðræðislega valdir og eiga sér bakland í foreldrafélaginu. Fundir ráðsins eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir aðgengilegar á heimasíðu skólans. Allar helstu áætlanir er varða stefnu, skólahald og skólaþróun eru lagðar fyrir skólaráð til umsagnar. Ekki er hægt að segja að skólaráð fundi reglulega og það hefur ekki sett sér starfsáætlun og vinnureglur en eins og fulltrúi hópsins komst að orði í rýnihópaviðtali þá er nánin svo mikil að fulltrúar þess hitta skólastjóra „á förnum vegi“ og geta þá rætt málin. Ekki er hægt að segja að skólareglur séu unnar í samráði við skólaráð þó þær séu kynntar.

Samskiptin við foreldrafélagið eru góð. Skólastjóri er alltaf boðaður á aðalfund en samskiptin þess á milli eru óformleg. Til dæmis sendir skólastjóri út póst og fundarboð fyrir foreldrafélagið og hannar auglýsingar og sendir út. Foreldrafélagið skipuleggur viðburði sem efla skólabarg og styrkja tengsl foreldra, nemenda og kennara/starfsfólks skólans. Má þar nefna grill á útvistardegi að vori, jóla- og páskabingó og dagskrá á öskudag.

## Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Skólaráð er virkur samráðsaðili í stjórnun skólans.
- Gott upplýsingarflæði er milli skólaráðs og foreldrafélags.
- Foreldrafélag er virkur samstarfsaðili skólans, styður við skólastarfið og skipuleggur viðburði sem efla skólabrag.
- Skólaráð þarf að setja sér starfsáætlun og vinnureglur.
- Huga þarf að beinni aðkomu skólaráðs t.d. við setningu skólareglina og við vinnu að innra mati.

## Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun

Lögð er rækt við að byggja upp traust foreldra á skólastarfinu. Skólastjóri heldur uppi virku samstafi við foreldra með aðstoð annarra starfsmanna skólans. Á hverju hausti eru haldnir kynningarfundir þar sem námsmarkmið og leiðir til að ná þeim eru kynntar. Þrír reglulegir foreldraviðtalsdagar eru á hverju skólaári. Þar er rætt um árangur í námi og líðan og nýtt er til þess svokallað Leiðsagnarmat hjá Mentor. Auk þess er foreldrum boðin þátttaka í vettvangsferðum og bekjarfulltrúar (foreldrar) skipuleggja viðburði í skólanum. Á fundum sem skólastjóri boðar til með hverju aldursstigi er markvisst leitað eftir tillögum og hugmyndum foreldra um það sem betur má fara í skólastarfi.

Mest af upplýsingum til foreldra um skólastarfið framundan og árangur af einstökum verkefnum fer í gegnum Mentor. En vikulegur póstur fer þannig heim til nemenda/foreldra. Í anda stefnunnar um *Skóla á grænni grein* er reynt að takmarka eins og hægt er pappírspóst. Heimasíðan er í móton eins og áður hefur komið fram og því eru þar takmarkaðar upplýsingar. Það kemur fram í samtölum við foreldra að þeim er ljóst hvert þeir eiga að snúa sér ef frekari upplýsingar vantar frá skólanum.

## Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Verið er að byggja upp traust og gott samstarf milli foreldrasamfélagsins og skólans.
- Markvisst er leitað eftir tillögum foreldra um það sem betur má fara í skólastarfi.
- Upplýsingagjöf milli heimila og skóla er skilvirk.
- Heimasíðu þarf að byggja upp og bæta þar með aðgengi að upplýsingum.

## **Svið II – Nám og kennsla**

Fyrir árangur í skólastarfi er mikilvægt að skoða innihald og gæði kennslu, starfshætti kennara og samskipti. Gæði kennslu hafa meiri áhrif á frammistöðu nemenda heldur en nokkur annar þáttur í skólastarfi og þau skólakerfi í heiminum sem hafa náð hvað mestum árangri eiga það sameiginlegt að hafa lagt mikla áherslu á að bæta kennslu. Það hafa þau gert með því að þjálfa kennara, færa kennaraþjálfunina inn í kennslustofuna, þróa sterka kennsluleiðtoga og gera kennurum kleift að læra hver af öðrum (McKinsey & Compani, 2007 og 2010). Í Valsárskóla er samkennsla árganga ríkjandi kennsluskipulag. Kennrarar yngri nemenda vinna náið saman að skipulagningu, ákvörðun heimavinnu og námsmati. Það dregur úr samvinnu kennara eftir því sem ofar dregur í skólakerfinu.

### **Nám og námsaðstæður**

Námsumhverfi Valsárskóla er námshvetjandi, styður við nám og þarfir allra nemenda og fjölbreytta kennsluhætti. Námsumhverfið er vel nýtt innanhúss og utan og í ágætum tengslum við samfélagið. Skólaárinu er skipt í þrjár annir og fara foreldra- og nemendasamtöl fram þrisvar á skólaárinu. Samskipti eru jákvæð og einkennast af virðingu. Námsaðstæður gefa góða og fjölbreytta möguleika á samvinnu nemenda og einstaklingsvinnu.

### **Inntak og árangur**

Í Valsárskóla er lögð áhersla á að hver nemandi fái nám og kennslu sem uppfyllir ákvæði aðalnámskrár. Fylgst er markvisst með árangri hvers nemenda, nemendahópa og skólans í heild með það að markmiðið að viðhalda góðum árangri og efla skólastarf.

Námsvísar/markmið náms eru greinargóð og byggja á aðalnámskrá. Grunnþáttum menntunar eru gerð skil í námsvísum og sjást í starfi skólans, athöfnum og námi nemenda. Kennrarar eru faglegir og sérfræðiþekking þeirra nýtist í starfi. Skólinn bætir eða viðheldur stöðu sinni í námi, samskiptum og líðan nemenda samkvæmt niðurstöðum samræmdra prófa o.fl. Skólanámskrá þarf að vera opinber, skýrar fram sett og aðgengileg skólasamféluginu. Hún þarf að vera endurskoðuð reglulega af kennurum og öðru starfsfólki skóla, nemendum og foreldrum.

Nemendur og foreldrar þekkja lítið til námsvísa eða hvar þá er að finna og nýta sér þá þar af leiðandi lítið. Námsvísar eru aðgengilegir nemendum og foreldrum á vefnum Mentor. Vekja þarf nemendur og foreldra til vitundar um það.

### **Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta**

- Námsvísar og markmið náms byggja á aðalnámskrá.
- Kennrarar eru faglegir og sérfræði þeirra nýtist í störfum.
- Skólinn bætir og viðheldur stöðu sinni í námi, samskiptum og líðan nemenda.

- Námsvísar þurfa að vera sýnilegri og aðgengilegri nemendum og foreldrum.

## Skipulag náms og námsumhverfi

Skólanámskrá Valsárskóla er í endurskoðun. Í þeirri vinnu þarf að gæta þess að skrá þar áætlanir um nám og birta með skýrum hætti stíganda í framvindu og samhengi í námi. Þessar upplýsingar eru eins og áður sagði á Mentor og þar kemur fram framvinda og samhengi náms milli árganga. Á Mentor og á vefsíðu skólans er einnig gerð grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum. Samstarf milli skólastiga, frá leikskóla í grunnskóla og úr grunnskóla í framhaldsskóla er virkt. Það samstarf þarf að skrá formlega. Nemendur á öllum aldri hafa val um verkefni eða námsgreinar hluta námstímans. Námsumhverfi, aðbúnaður og námsgögn styður við nám og þarfir allra nemenda og fjölbreytta kennsluhætti. Foreldra- og nemendasamtöl eru reglulega þrisvar á ári. Nemendur og foreldrar hafa óljósar hugmyndir um tilgang og markmið heimanáms en kennarar huga að umfangi og skipulagi heimanáms þannig að álag vegna þess dreifist jafnt á vikudaga eða tímabil.

### Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Námsumhverfi, aðbúnaður og námsgögn styðja við nám og þarfir allra nemenda og fjölbreytta kennsluhætti.
- Nemendasamtöl fara fram reglulega.
- Til bóta væri að skrá og birta áætlanir um nám og kennslu í skólanámskrá.
- Samstarf um nám milli skólastiga frá leikskóla í grunnskóla og úr grunnskóla í framhaldsskóla þarf að skrá með formlegum hætti þannig að þeir ferlar séu öllum ljósir.

## Kennsluhættir og gæði kennslu

Fagmennska, sérfræði og menntastefna endurspeglast í störfum og skipulagi kennara Valsárskóla. Kennarar samkenna nemendum í aldursblönduðum hópum á mörgum námssviðum og hafa til þess ágæta kennslufræðilega þekkingu. Kennarar Valsárskóla skipuleggja kennslu með tilliti til námsmarkmiða og þarfa nemenda. Leitast er við að samþætta námsgreinar þar sem við á. Kennsluhættir eru fjölbreyttir og sniðnir að eðli námssviða, markmiðum náms og þörfum nemenda. Námsumhverfi bæði innan og utan dyra er vel nýtt með tengslum við samfélagið. Dæmi um slíkt er samvinna skólans og Safnasafnsins. Viðfangsefni nemenda eru krefjandi og í samræmi við námsmarkmið hvers og eins. Námsmat er fjölbreytt og tengist markmiðum og hæfniviðmiðum. Námsmat og endurgjöf er markviss og leiðir til framfara og árangurs nemenda.

### **Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta**

- Kennrarar skipuleggja kennslu með tilliti til námsmarkmiða og þarfa nemenda.
- Námsumhverfi skólans er nýtt á fjölbreyttan hátt.
- Kennsluhættir eru fjölbreyttir, endurgjöf kennara leiðbeinandi og námsmat fjölbreytt.

### **Námshættir og námsvitund**

Nemendur eru almennt áhugasamir um nám sitt. Nemendur virðast þó þekkja eigin styrkleika og hafa ágæta námsvitund. Nemendahópar eru gjarnan aldursblandaðir og oft vinna þeir að mismunandi viðfangsefnum með fjölbreyttum aðferðum en þeir hafa mjög takmarkað val um viðfangsefni og aðferðir. Nemendur nýta gjarnan upplýsinga- og samskiptatækni við að afla sér þekkingar og leikni og er aðgangur að nettengdum tölvum góður.

### **Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta**

- Nemendur þekkja almennt eigin styrkleika og hafa vitund um sjálfa sig sem námsmenn.
- Nemendur nýta sér mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni í námi.
- Upplýsinga- og samskiptatækni er aðgengileg nemendum til náms.
- Nemendur hafa lítið val um viðfangsefni og námsaðferðir og námið tekur takmarkað mið af áhuga þeirra og hæfileikum.

### **Lýðræðisleg vinnubrögð**

Leitað er eftir sjónarmiðum nemenda um skipulag skólastarfs en sjaldan leitað eftir sjónarmiðum þeirra varðandi nám, skipulag náms og námsaðferðir. Nemendur þekkja leiðir til að koma sjónarmiðum sínum um skipulag skólastarfs á framfæri og tekið er tillit til sjónarmiða þeirra. Bekkjarfundir eru haldnir einu sinni í viku, nemendafélag og nemendafulltrúi í skólaráði er virkur. Málefnum nemenda er komið til nemendaráðs sem síðan kemur þeim áfram til skólastjóra en yngstu nemendum finnst ekki nóg hlustað á raddir þeirra. Dæmi um hvernig nemendalýðræði getur birst í daglegu starfi í Valsárskóla er hafragrauturinn sem eldaður er að morgni skóladags vegna óska frá nemendum. Leita þarf markvissar eftir sjónarmiðum nemenda varðandi nám og námsumhverfi þannig að þeir hafi raunveruleg áhrif á námsumhverfi og námstilhögun.

Í skólanum ríkir jákvæður andi samstarfs og virðingar. Til bóta væri að upplýsingar um umræður og ákvarðanir, ráða og nefnda, þar sem kjörnir fulltrúar nemenda sitja væru öllum nemendum aðgengilegar og að þeir nemendur sem kjörnir eru fulltrúar nemenda fengju leiðsögn og upplýsingar um hlutverk sitt.

### Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Samskipti eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- Bekkjarfundir eru haldnir reglulega.
- Nemendur þekkja leiðir til að koma málefnum varðandi skipulag skólastarfs á framfæri.
- Í námi, viðfangsefnum skólastarfsins og aðferðum þarf að taka ríkara tillit til áhuga nemenda og stuðla að aukinni ábyrgð þeirra á eigin námi.
- Bæta þarf aðgengi að upplýsingum um umræður og ákvarðanir ráða og/eða nefnda þar sem kjörnir fulltrúar nemenda sitja.

### Ábyrgð og þátttaka

Nemendur koma vel fram og taka tillit til annarra. Markmið náms gætu verið sýnilegri og aðgengilegri nemendum og foreldrum. Nemendum er ekki sérstaklega kennt að setja sér markmið. Þeir taka samt sem áður þátt í að setja sér námsmarkmið í tengslum við leiðsagnarmat sem fer fram samhliða foreldra- og nemendasamtölum og þar fá þeir einnig tækifæri til að meta eigin framfarir. Foreldrar taka þátt í að setja nemendum einstaklingsbundin markmið þegar unnið er að leiðsagnarmati.

### Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Nemendur koma vel fram og taka tillit til annarra.
- Nemendur taka þátt í að setja sér námsmarkmið.
- Nemendur taka þátt í að meta árangur sinn í námi.
- Viðmið um árangur eru ekki opinber né nemendum kunnug.
- Nemendum er ekki markvisst kennt að setja sér markmið.

### Nám við hæfi allra nemenda

Í Valsárskóla ríkir viðhorf sem einkennist af virðingu fyrir rétti allra nemenda til virkrar þátttöku í námssamfélagini óháð atgervi þeirra. Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum og einkennum nemenda. Skólabragurinn einkennist af sanngirni og virðingu fyrir öllum. Allir nemendur taka virkan þátt í námi og starfi skólans. Reynt er að sníða námið að hverjum og einum nemanda og þess gætt að hafa viðfangsefnin hæfilega krefjandi. Námsframboð og námsvíasar mæta fjölbreyttum þörfum nemenda. Æskilegt væri ef viðfangsefni nemenda endurspegluðu meira áhuga þeirra og hæfileika.

### Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Skólabragurinn einkennist af sanngirni og virðingu.
- Virðing er borin fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum nemenda.

- Allir nemendur taka virkan þátt í skólastarfinu.
- Viðfangsefnin mættu taka meira mið af áhuga og hæfileikum nemenda.

### **Stuðningur við nám**

Markvisst er fylgst með námi og framförum allra nemenda og kennslan skipulögð þannig að hún hæfi öllum nemendum. Lagðar eru fyrir kannanir og skimanir til að finna þá nemendur sem þurfa á stuðningi að halda. Gerð er einstaklingsnámskrá fyrir nemendur sem fá sérstakan stuðning í námi og er ábyrgð á stuðningi við nemendur í höndum sérkennara sem hefur yfirumsjón með gerð einstaklingsáætlana og teymi í kringum þá vinnu. Vantar að skrá formlega hvernig á að bregðast við niðurstöðum skimana og mats. Einstaklingsaðstoð fer fram bæði innan og utan skólastofu og í boði eru opnir stoðtímar fyrir einstaklinga og/eða litla hópa.

### **Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta**

- Fylgst er með og brugðist við þörfum nemenda.
- Kennslan er skipulögð þannig að hún hæfi öllum nemendum.
- Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir nemendur sem fá sérstakan stuðning.
- Það vantar að skrá formlega hvernig á að bregðast við niðurstöðum skimana og mats.

### **Svið III - Innra mat**

Í Valsárskóla er innra mat með ýmsum hætti og má þar nefna Skólapúlsinn sem er verkefni til að kanna líðan og nám nemenda. Það hófst í vetur og í framtíðinni er ætlað að þar verði einnig spurningar/mat sem snýr að foreldrum og starfsmönnum. Kannanir í Olweusaráætlun sem eru fyrir nemendur í 4. – 10. bekk eru einnig hluti af innra mati skólans. Þá er leitað eftir hugmyndum frá foreldrum með því að halda svokallaða umræðufundi fyrir foreldra hvers stigs þar sem skólastjóri og viðkomandi umsjónarkennara ræða við foreldra. Niðurstöður samræmdra prófa (ytra mat) eru nýttar markvisst í innra mati skólans.

Hins vegar vantar mat á ýmsum fleiri þáttum skólastarfsins svo og skráð ferli fyrir matið. Þá er eðlilegt að matsteymi verði skipað til að bera ábyrgð á forgangsröðun, framkvæmd og umbótum í kjölfar mats. Hagsmunaaðilar þurfa að geta nálgast greinargerðir sem lýsa framkvæmd innra mats, helstu niðurstöðum og áætlunum um umbætur.

### **Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi**

Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram reglulega. Með mikilli samkennslu og nánu samstarfi kennara árganga verður ígrundun kennrar og annarra starfsmanna á eigin starfsháttum liður í daglegu starfi þeirra. Sama má segja um jafningjamat kennara sem fram fer í umræðum við undirbúning samkennslunnar. Skólastjóri fylgist vel með kennslu, er mjög sýnilegur og hefur sjálfur þó nokkra kennsluskyldu. Mat á kennslu og fagmennsku kennara fer þó ekki fram með reglulegum hætti.

Í skólanámskrá Valsárskóla vantar að birta lýsingu á þeim kerfisbundnu aðferðum sem notaðar eru við innra mat til þess að að leggja meta á gæði skólastarfsins. Í skólanámskrá skal gera grein fyrir innra mati á árangri og gæðum (*Aðalnámskrá grunnskóla*, 2011, bls. 46) og fjalla um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt. Innra mat á að vera samofið öllu skólastarfi og þess vegna þarf skólinn að forgangsraða matsþáttum í tímaáætlun sem nær til 3-5 ára (Björk Ólafsdóttir, 2011). Í aðgengilegum gögnum kemur hvergi fram hver ber ábyrgð á framkvæmd innra mats en það er þó öllum ljóst að það er fyrst og fremst skólastjóri sem kemur þar að málum. Mikilvægt er að hafa í huga að í innra mati er það skólinn sjálfur sem leitast við að meta starf sitt og leggja ber áherslu virka þáttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila eftir því sem við á (*Aðalnámskrá grunnskóla*, 2011, bls. 20).

### **Ábendingar - styrkleikar og tækifæri til umbóta**

- Mat á námi, framförum og árangri fer regluleg fram.
- Mat og ígrundun kennara á eigin starfsháttum er liður í daglegu starfi.

- Skólastjóri er mjög sýnilegu í daglegu starfi og fylgist með kennsluháttum.
- Leita þarf leiða til að meta reglulega kennslu og fagmennsku kennara.
- Skrá þarf í skólanámskrá hvaða leiðir skólinn fer í innra mati og hverjir bera ábyrgð á ferli matsins.
- Gera þarf skammtíma og langtímaáætlun (til 3-5 ára) um innra mat og hvernig allir þættir skólastarfs eru metnir samanber gátlista í *Innra mat leiðbeiningar og viðmið fyrir sveitarfélög í tengslum við innra mat grunnskóla* (Björk Ólafsdóttir, 2011).

### **Innra mat er markmiðsmiðað**

Skólinn gerir að hluta til grein fyrir hvernig markmið skólans sem sett eru fram í skólanámskrá eru metin. Má þar nefna kannanir á vegum Olweusaráætlunarinnar svo og mat sem er í gangi vegna verkefnisins *Byrjendalæsi*. En þar kemur fram hvaða markmiðum er stefnt að og verkferlar í því sambandi. Ekki eru öll markmið skólanámskrár metnar og þar af leiðir að ekki eru skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að í einstökum viðfangsefnum. Þá vantar greinargerð um innra mat þar sem fjallað er um að hve miklu leyti markmið hafa náðst.

#### **Ábendingar - styrkleikar og tækifæri til umbóta**

- Í nokkrum þáttum skólanámskrár er gerð grein fyrir hvernig markmið eru metin, má þar nefna *Byrjendalæsi* og Olweusaráætlun.
- Gera þarf grein fyrir hvernig markmið skólans sem birtast í skólanámskrá (og munu birtast í endurgerðinni) eru metin og meta reglubundið öll markmið sem þar birtast.
- Skilgreina þarf viðmið um árangur fyrir hvert markmið.
- Mæla þarf og gera grein fyrir að hve miklu leyti markmið hafa náðst.

### **Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum**

Skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati s.s. samræmd próf og niðurstöður Pisa í innra matið. Í starfsmannaviðtölum kemur ýmislegt til umfjöllunar svo og á umræðufundum með foreldrum en ekki er hægt að segja að fjölbreyttar aðferðir séu notaðar til að afla gagna. Með Skólapúlsinum er þó farið af stað með reglulegar kannanir en þær ná ekki enn til starfsfólks og foreldra.

#### **Ábendingar - styrkleikar og tækifæri til umbóta**

- Skólinn nýtur niðurstöður úr ytra mati í innra mat sitt hvað varðar samræmd próf og Pisa kannanir.
- Huga þarf að fjölbreyttari leiðum til að byggja á innra matið.

## **Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum**

Framkvæmd innra mats hefur nánast eingöngu verið á herðum skólastjóra. En í gegnum fulltrúa í skólaráði og umhverfisráði Grænfána getur starfsfólk, nemendur og foreldrar haft að einhverju leyti áhrif á skipulag innra mats. Leitað er eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli þegar gagna er aflað. Þegar niðurstöður liggja fyrir þyrfti að eiga sér stað meiri vinna meðal hagsmunaaðila um þróun og umbætur.

### **Ábendingar - styrkleikar og tækifæri til umbóta**

- Veita þarf öllum hagsmunahópum tækifæri til að taka þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.
- Nýta á niðurstöður úr innra mati til að eiga samræður við hagsmunaaðila um þróun og umbætur.

## **Innra mat er opinbert**

Niðurstöður úr innra mati svo sem niðurstöður úr könnun í Olweusaráætlun eru kynntar helstu hagsmunaaðilum. Þær eru þá ýmist kynntar á starfsmannafundum eða í skólaráði. Vegna fámennis er oft vandmeðfarið hvað er hægt að kynna og hvernig. Greinargerðir um innra mat og umbótaáætlun eru ekki á heimasíðu skólans eða með öðrum opinberum hætti.

### **Ábendingar - styrkleikar og tækifæri til umbóta**

- Hagsmunaaðilar fá kynningar á niðurstöðum úr innra mati á einstökum verkefnum.
- Vinna þarf að greinargerð um innra mat.
- Gera þarf umbótaáætlun í kjölfar innra mats sem birt er hagsmunaaðilum.

## **Innra mat er umbótamiðað**

Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta er þörf þó að þær snúi ekki beint að þeim markmiðum sem metin hafa verið. Má þar nefna mál sem koma fram á fundum með foreldrum og á starfsmannafundum auk óformlegra viðræðna við nemendur. Allir í skólasamfélagini geta á óyggjandi hátt nefnt dæmi um umbætur sem innra mat skólans hefur leitt til.

EKKI hefur verið unnin umbótaáætlun og því er ekki hægt að sjá hvernig bregðast á við niðurstöðum greiningar á styrkleikum og tækifærum til umbóta.

## Ábendingar - styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Þegar skólastjóri fær vitneskju um málefni sem hægt er að bæta eða efla er strax brugðist við því.
- Allir í skólasamféluginu geta nefnt dæmi þess að úrbætur hafi komið í kjölfar innra mats.
- Gera þarf tímasetta umbótaáætlun fyrir skólann þar sem kemur fram að hverju á að stefna, hver eru viðmiðin og hver/hverjur bera ábyrgð á framkvæmd.

## Samantekt ábendinga

### Stjórnun

#### Styrkleikar

- Skólastjóri stuðlar að góðum samskiptum meðal kennara, starfsmanna, nemenda og foreldra og hefur forystu um að móta sýn og stefnu skólans.
- Góð líðan og gagnkvæm virðing endurspeglast í samstarfi starfsfólks skólans, nemenda og foreldra. Samskiptin einkennast af jákvæðni og trausti.
- Í skólanámskrá skólans má sjá að hluta til í hverju starfið felst en þörf er á að hraða vinnu við endurgerð hennar og miðla upplýsingum á heimasíðu.
- Starfslýsingar eru fyrir hendi og mannaúður nýttur skv. menntun og sérhæfingu hvers og eins, eins og kostur er.
- Stjórnendur gæta hagsmuna starfsfólks og veita endurgjöf en huga ber að reglulegri endurgjöf og mati á kennslu.
- Verklagsreglur um meðferð ágreiningsmála eru til staðar og lýðræðisleg vinnubrögð í heiðri höfð.
- Samstarf milli annarra skólastiga er virkt.
- Í símenntunaráætlun koma fram áherslur skólans og símenntun kennrar miðar að því að efla þá í starfi.
- Framkvæmd skólastefnu er rædd á starfsmannafundum og allt starfsfólk vinnur að gerð skólanámskrár.

### Tækifæri til umbóta

- Huga mætti að hvort aðkoma foreldra og nemenda ætti að vera meiri við vinnu að skólanámskrá einkum við þá þætti sem snúa beint að nemendum og/eða foreldrum.
- Koma þarf upp skipulegri skráningu á endur- og framhaldsmenntun kennara.
- Gera þarf móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn.
- Skólaráð þarf að setja sér starfsáætlun og vinnureglur.
- Vinna þarf að heildstæðri forvarnaráætlun.

## Nám og kennsla

### Styrkleikar

- Kennrar eru faglegir og sérfræði þeirra nýtist í störfum. Kennslan er skipulögð með tilliti til námsmarkmiða og þarfa nemenda. Kennsluhættir eru fjölbreyttir, endurgjöf kennara leiðbeinandi og námsmat fjölbreytt.
- Allir nemendur taka virkan þátt í skólastarfinu.
- Nemendur þekkja almennt eigin styrkleika og hafa vitund um sjálfa sig sem námsmenn.
- Nemendur taka þátt í að setja sér námsmarkmið og meta árangur sinn í námi í tengslum við leiðsagnarmat.
- Nemendasamtöl fara fram reglulega og bekkjarfundir eru haldnir reglulega.
- Nemendur þekkja leiðir til að koma málefnum varðandi skipulag skólastarfs á framfæri.
- Samskipti í skólanum eru jákvæð, einkennast af virðingu og skólabragur er góður.
- Námsvízar og markmið náms byggja á aðalnámskrá.
- Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir nemendur sem fá sérstakan stuðning.
- Upplýsinga- og samskiptataekni er aðgengileg nemendum til náms.
- Námsumhverfi skólans er nýtt á fjölbreyttan hátt.
- Skólinn bætir og viðheldur stöðu sinni í námi, samskiptum og líðan nemenda.

### Tækifæri til umbóta

- Í námi, viðfangsefnum skólastarfsins og aðferðum þarf að taka ríkara tillit til áhuga og hæfileika nemenda og stuðla enn frekar að aukinni ábyrgð þeirra á eigin námi. Skólinn ætti að auka val nemenda á viðfangsefnum og námsaðferðum og hlusta eftir sjónarmiðum nemenda varðandi skipulag náms.
- Að bæta aðgengi að upplýsingum um umræður og ákvarðanir ráða og/eða nefnda þar sem kjörnir fulltrúar nemenda sitja.
- Að hafa viðmið um árangur opinber og aðgengileg.
- Að kenna nemendum markvisst að setja sér markmið í daglegu starfi.
- Að skrá formlega hvernig á að bregðast við niðurstöðum skimana og mats.
- Námsvízar þurfa að vera sýnilegri og aðgengilegri nemendum og foreldrum.
- Til bóta væri að skrá og birta áætlanir um nám og kennslu í skólanámskrá.
- Samstarf um nám milli skólastiga frá leikskóla í grunnskóla og úr grunnskóla í framhaldsskóla þarf að skrá með formlegum hætti þannig að þeir ferlar séu öllum ljósir.

## Innra mat

### Styrkleikar

- Mat á námi, framförum og árangri fer regluleg fram.
- Skólastjóri er mjög sýnilegu í daglegu starfi og fylgist með kennsluháttum.
- Skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati í innra mat sitt hvað varðar samræmd próf og Pisa kannanir.
- Hagsmunaaðilar fá kynningar á niðurstöðum úr innra mati á einstökum verkefnum.
- Þegar skólastjóri fær vitneskju um málefni sem hægt er að bæta eða efla er strax brugðist við því. Allir í skólasamféluginu geta nefnt dæmi um úrbætur í kjölfar mats.

### Tækifæri til umbóta

- Gera þarf skammtíma og langtímaáætlun (til 3-5 ára) um innra mat og hvernig allir þættir skólastarfs eru metnir samanber gátlista í *Leiðbeiningum og viðmiðum fyrir sveitarfélög í tengslum við innra mat grunnskóla* (Björk Ólafsdóttir, 2011).
- Skilgreina þarf viðmið um árangur fyrir hvert markmið.
- Huga þarf að fjölbreyttari leiðum til að byggja á innra matið.
- Veita þarf öllum hagsmunahópum tækifæri til að taka þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.
- Gera þarf tímasetta umbótaáætlun fyrir skólann þar sem kemur fram að hverju á að stefna, hver eru viðmiðin og hver/hverjir bera ábyrgð á framkvæmd.
- Leita þarf leiða til að meta reglulega kennslu og fagmennsku kennara.

## **Heimildaskrá**

Aðalnámskrá grunnskóla: almennur hluti. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Björk Ólafsdóttir. (2011). Innra mat grunnskóla: leiðbeiningar og viðmið fyrir mat sveitarfélags á innra mati grunnskóla. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Hrönn Pétursdóttir. (2007). Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið 2007-2020. Reykjavík: Félag grunnskólakennara, Samband íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélag Íslands.

Lög um grunnskóla, nr. 91/2008.

Lýðheilsustöð. [2012]. Vefslóð: <http://www2.lydheilsustod.is/heilsueflandiskoli>  
McKinsey&Company. 2007. *How the world's best-performing school systems come out on top.* [án útg.st.]: McKinsey&Company.

McKinsey&Company. 2010. *How the world's most improved school systems keep getting better.* [án útg.st.]: McKinsey&Company.

Valsárskóli – Svalbarðsströnd. [2012]. Vefslóð:  
<http://www.svalbardsstrand.is/valsarskoli/forsida/>